

Sp.

388. Beiðni um skýrslu

frá menntamálaráðherra um málefni Ríkisútvarpsins.

Frá Eiði Guðnasyni, Friðrik Sophussyni, Árna Gunnarssyni, Vilmundi Gylfasyni,
Stefáni Jónssyni, Halldóri Blöndal, Sverri Hermannssyni,
Benedikt Gröndal og Albert Guðmundssyni.

Með vísan til 31. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því, að menntamálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um Ríkisútvarp þ.

Óskað er eftir því, að í skýrslunni verði veittar upplýsingar um hag, stöðu og framtíðaráform Ríkisútvarpsins, bæði sjónvarps og útvarps. Sérstaklega er óskað eftir upplýsingum um hvernig jafnaður muni hallarekstur stofnunarinnar undanfarin ár, hvernig fjármagna eigi byggingu nýrrar langbylgjustöðvar og hins nýja útvarps-húss, svo og hvernig leysa skuli brýnan húsnæðisvanda útvarpsins uns hið nýja hús kemst í gagnið. Þá er einnig óskað upplýsinga um hvaða ráðstafanir séu á döfnni til að treysta dreifikerfi útvarps og sjónvarps, þannig að tryggt sé að allir landsmenn eigi þess ævinlega kost að hlýða á dagskrá, svo og hvernig stofnuninni verði gert fjárhagslega kleift að notfæra sér möguleikana á beinu myndsambandi við önnur lönd, sem skapast hafa með jarðstöðinni Skyggni.

Þá er loks óskað eftir því, að í skýrslunni verði að finna upplýsingar um það, hvenær stereóútsendingar muni ná til landsins alls og hvort í undirbúningi sé að hefja útvarp á annarri rás og/eða sérstakt landshlutaútvarp.

Þess er óskað, að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 27. jan. 1981.

Eiður Guðnason.	Friðrik Sophusson.	Árni Gunnarsson.
Vilmundur Gylfason.	Stefán Jónsson.	Halldór Blöndal.
Sverrir Hermannsson.	Benedikt Gröndal.	Albert Guðmundsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Greinargerð.

Skammt er síðan að þess var minnst, er fimmtíu ár voru liðin frá því að Ríkisútvarpið hóf starfsemi sína. Á þessum tímamótum þykir hlýða að óska eftir því, að menntamálaráðherra geri Alþingi grein fyrir stöðu Ríkisútvarpsins, hag þess og framtíðaráformum.

Ríkisútvarpið er eign allra landsmanna og það er ein helsta menningarstofnun íslensku þjóðarinnar. Það flytur landsmönnum fréttir og fróðleik, líf og list frá morgni til kvölds alla ársins daga. Það rýfur einangrun afskekktara byggða og bæja og færir þjóðina saman. En Ríkisútvarpið er ekki aðeins menningarstofnun, það er einnig eitt veigamesta öryggistæki okkar ef vá ber að dyrum. Sýnt hefur sig á undanförunum vikum, að dreifikerfi dagskrár er eigi svo traust sem æskilegt væri. Þess eru nýleg dæmi, að útsendingar hafa ekki náð til íbúa fjölmennra byggðarlaga langtímum saman.

Um langt skeið hefur Ríkisútvarpið mátt búa við fjárhagsörðugleika. Ekki eru sem stendur horfur á að þar rætist úr, og er raunar fyrirsjáanlegur samdráttur í dagskrárgerð stofnunarinnar á næstu misserum.

Hér þarf eigi heldur að fara mörgum orðum um brýnan húsnaðisvanda Ríkisútvarpsins og löngu úreltan tækjakost, sem stendur eðlilegri starfsemi fyrir þrifum.

Rík ástæða sýnist nú til að menntamálaráðherra geri Alþingi grein fyrir stöðu og hag Ríkisútvarpsins með ítarlegri skýrslu, en Alþingi hlýtur að láta sig málefni þessarar þjóðarstofnunar miklu varða.